



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjori@myv.is

4. Fundur í umhverfisnefnd Skútustaðahrepps

Haldinn á Skrifstofu Skútustaðahrepps 14.11.2016 kl.09:00

Mættir: Arnheiður Rán Almarsdóttir, Aðalsteinn Dagsson, Bergþóra Hrafnhildardóttir, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir varamaður og Böðvar Pétursson sem ritaði fundargerð.

1. Arnheiður setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar, síðan var gengið til dagskrár.
2. **Umhverfistiltekt:** Umhverfisnefnd er sammála um að stofna til árlegra umhverfisverðlauna í sveitarfélaginu. Í upphafi er stefnt að þremur flokkum, íbúðarhús, sveitabýli og fyrirtæki. Það sem horft verður til er meðal annars: Frágangur bygginga, geymsla tækja og áhalda, viðhald girðinga, almenn umgengi og heildarmynd húsa, lóða og sveitabýla.
Samþykkt að óska eftir tilnefningum frá sveitungum sem nefndin færi svo yfir og veldi hver hlyti viðurkenninguna. Viðurkenningin verði veitt í fyrsta skifti í janúar 2017 fyrir árið 2016. Framvegis verði viðurkenningin veitt á slægjufundi ár hvert.
3. **Umhverfisstefna Skútustaðahrepps 2012:** Umhverfisstefnan er háleit og framsýn, en eftirfylgni og framkvæmd hefur verið í skötulíki.
Umhverfisnefnd óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að endurskoða stefnuna og semja aðgerðaáætlun um hvernig eigi að uppfylla stefnuna og tengsl stefnunnar við skipulagsáætlanir. Verkefninu verði lokið fyrir 1.maí 2017.
4. **Umhverfisvitund:** Efla þarf almenna umhverfisvitund í sveitarfélaginu t.d. með fræðslu í innkaupum og notkun hreinsiefna og um notkun plasts almennt t.d. plastpokalaus Mývatnssveit. Nefndin samþykkir að skoða þetta í tengslum við endurskoðun á umhverfisstefnu Skútustaðahrepps.
Núna þegar flokkun hefur verið í gangi í nokkra mánuði og gámaplanið er að komast í notkun, þá væri gott að fá mat á stöðunni frá Gámapjónustunni hvernig hefur til tekist og koma þeim upplýsingum til íbúa. Eins þyrfti að kanna hvort hægt er að koma á hirðingu á lífrænum úrgangi. Óska þarf eftir þessum upplýsingum frá Gámapjónustunni fyrir næsta fund nefndarinnar, sem er áætlaður 9. janúar 2017.
Formanni falið að afla þeirra.
5. **Önnur mál:** Þar sem Margrét Hólm Valsdóttir, aðalmaður í umhverfisnefnd og Guðrún Brynleifsdóttir, varamaður í nefndinni eru fluttar, eða að flytja úr sveitarfélaginu, þarf að skipa nýjan aðal og varafulltrúa í nefndina. Sveitarstjórn beðin að taka það til skoðunar.
Samkvæmt erindisbréfi umhverfisnefndar á nefndin að vera sveitarfélaginu til ráðgjafar m.a. í fráveitu- og sormálum. Nefndinni finnst skorta á upplýsingaflæði til nefndarinnar í fráveitumálum og óskar eftir upplýsingum um stöðu þeirra mála.

Fleira ekki bókað, fundi slitið 11:25.

ARNHEIÐUR RÁN ALMARS
AÐALSTEINN DAGSSON
JÓHANNA KATRÍN ÞÓRHALLSDÓTTIR
BERGÞÓRA HRAFNHILDARDÓTTIR
BÖÐVAR PÉTURSSON